

Skipulags- og byggingarfulltrúi,
Anton Kári Halldórsson
Rangárþings eystra
Ormsvelli 1
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 14. október 2016
2016100001/42-8
TB
jgo/tb

Deiliskipulag, Hamragarðar og Seljalandsfoss, umsögn

Vísað er til tölvupósts frá Rangárþingi eystra, dags. 30 september sl., þar óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi við 68. gr. laga nr. 60/2013.

Eins og kemur fram í greinargerð um deiliskipulagið er Seljalandsfoss einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Fyrir þó nokkru er orðið ljóst að bæta þarf aðstöðu fyrir ferðamenn og draga úr álagi á svæðið með því að bæta innviði ss. almenna aðstöðu fyrir ferðamenn (þjónustumiðstöð), stíga, bílastæði og fræðslu og vernda þannig svæðið í heild.

Greinargerð með deiliskipulaginu lýsir vel náttúrufari og öðrum aðstæðum við Seljalandsfoss og ekki þörf á að rekja það frekar hér. Hamrabeltið með Seljalandsfoss er mjög áberandi í landslaginu þegar komið er úr vestri. Að sama skapi er víðsýnt frá fossinum til norðurs, vesturs og suðurs. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í þeim jarðminjum sem Seljalandsfoss og Gljúfrabúi eru hluti af og þá sérstaklega því landslagi sem orðið hefur til vegna landmótunar. Auk þess eru hlíðar hamrabeltisins gróskumiklar. Allar framkvæmdir ættu að taka mið af því að vernda þá ásynd sem er að hamrabeltinu þe. að Seljalandsfossi og ekki síður frá fossinum því eins og öllum er kunnugt er hægt að fara bak við fossinn og njóta útsýnis þáðan. Að þessu leiti má segja að hér sé um einstaka upplifun að ræða og þarf því að huga sérstaklega að þessum þætti í allri skipulagningu.

Í deiliskipulaginu er settir fram mismunandi kostir A, B og C fyrir utan óbreytt ástand. Niðurstaða sveitarfélagsins er að velja kost A. Í kafla 3.4. í greinargerð segir um kost A. „Staðsetning þjónustumiðstöðvarinnar samkvæmt sviðsmynd A er í mestu jafnvægi við aðra áhugaverða staði en um leið gefur það möguleika til að afmarka að einhverju leiti umgjörð um svæðið. Niðurstaða sveitastjórnar er því sú að sviðsmynd A komi sterkast út úr samanburðinum, liggur hvað mest miðsvæðis og mun nýtast vel bæði gestum við Seljalandsfoss og Hamragarða. Þá mun hægt að hefjast fljótlega handa við gerð bílastæðis sem síðar nýtist beint inn í þá uppbyggingu." Í þessari niðurstöðu er hvergi sagt berum orðum að tillaga A sé best út frá t.d. landslagsvernd. Heldur virðist tillagan valin mikið til af hagkvæmnisástæðum. Ljóst er að tillaga A mun ekki valda neinum beinum spjöllum á hamrabeltinu eða hlíðum þess eða Seljalandsfossi. Á mynd 5.2 í viðauka er sett inn



útsýnisbelti frá fossinum. Erfitt er að átta sig á hvort það sem er sýnt sem mjög afmarkað belt á mynd 5.2 standist í raun. Þetta þyrfti að skoða og sýna betur með því að setja t.d. þjónustumiðstöð inn á myndir nú eða einfaldlega setja t.d. flutningabíla eða rútur á þann stað þar sem fyrirhuguð þjónustumiðstöð á að vera og sjá þannig áhrifin því í þessu tilfelli skiptir útsýni frá fossinum ekki síður máli en að honum.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að fara á svæðið til að kanna framlagða kost. Stofnunin stundar ekki landslagsrannsóknir sem slíkar en hefur beint hlutverk við mat á verndargildi og skráningu náttúruminja bæði í tengslum við 61. gr. laga um náttúruvernd, þar sem fossar og nánasta umhverfi þeirra njóta sérstakrar verndar, og skráningu minja á náttúruminjaskrá. Eins og kunnugt er Seljalandsfoss nú á náttúruminjaskrá og þó endurskoðun á núverandi náttúruminjaskrá sé ekki lokið í samræmi við 34. gr. laga um náttúruvernd má vera ljóst að Seljalandsfoss verður áfram hluti af skránni.

Niðurstaða

Það er mat Náttúrufræðistofnunar, sem byggir fyrst og fremst á mati á verndargildi að vel hefði mátt setja kost A betur fram m.t.t. áhrifa á landslag því ekki er auðvelt að sjá hver hin eiginlegu áhrif verða á ásýnd að og frá fossinum. Einnig virðist vel mega vinna áfram með tillögu C þannig að þjónustumiðstöð yrði í hvarfi þegar horft er frá fossi en bæri aðeins í syðsta hluta hamrabeltisins þegar komið er úr vestri og hefði þannig lítil sem engin áhrif á ásýnd að hamrabeltinu og Seljalandsfossi svipað og ef kostur A er nógu norðarlega

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

